

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Borgar í Grímsnesi.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að lóð Félagsheimilisins Borgar sem nú er nýtt undir starfsemi grunnskólans á Borg m.a. fyrir eldhús, mótuneyti, íþróttaaðstöðu o. fl. stækki úr 2.500 m² í 4.250 m². Lega byggingarreits þar sem gert er ráð fyrir um 800 m² viðbyggingu á tveimur hæðum alls brúttó um 1.200 m² sem einnig mun hýsa starfsemi skólans breytist. Byggingarreitir skólans og stjórnsýsluhúss mun tengjast byggingarreit fyrirhugaðrar nýbyggingar.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. nóvember 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2011